

Sorpstöð Rangárvallasýslu  
Guðmundur Ingi Gunnlaugsson  
Laufskálum 2  
850 Hellu

**2004100048**  
8614; 9310

Reykjavík, 24. febrúar 2005

**Efni: Breyting á sorpurðun og meðhöndlun úrgangs á vegum Sorpstöðvar Rangárvallasýslu að Strönd í Rangárþingi ytra. Ákvörðun um matsskyldu.**

Vísað er til erindis Hönnunar f.h. Sorpstöðvar Rangárvallasýslu dags. 20. desember 2004 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt breyting á starfsleyfi og meðhöndlun úrgangs hjá Sorpstöð Rangárvallasýslu samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og lið 13 a í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Rangárþings ytra, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Rangárþingi ytra með bréfi dags. 14. janúar 2005, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 11. febrúar 2005, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands með bréfi dags. 20. janúar 2005 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 20. janúar 2005. Frekari upplýsingar bárust frá Hönnun með bréfum dags. 2. febrúar 2005.

**FRAMLÖGD GÖGN FRAMKVÆMDARADILA**

**Fyrirhuguð framkvæmd.** Fyrirhuguð er breyting á sorpurðun og meðhöndlun úrgangs á vegum Sorpstöðvar Rangárvallasýslu í landi Strandar í Rangárþingi ytra. Til efni breytinganna er að meira magn úrgangs er urðað á staðnum, eða rúmlega 4.000 tonn, en heimild er fyrir í nágildandi starfsleyfi, þ.e. 500 tonn. Sorpstöðin í landi Strandar hefur verið starfrækt frá árinu 1993. Núverandi athafnasvæði sorpstöðvarinnar er 10 ha og er fyrirhugað að hefja urðun á nýju 17,6 ha svæði norðan núverandi urðunarstaðar sem verði nýtt til ársins 2037. Sorpstöð Rangárvallasýslu hefur sótt um endurskoðun á nágildandi starfsleyfi stöðvarinnar til Umhverfisstofnunar og er sótt um leyfi til urðunar á 3.700. tonnum af úrgangi, endurvinnslu á 600 tonnum af lífrænum úrgangi og móttöku 1.150 tonnum af úrgangi til meðhöndlunar annars staðar.

*Núverandi urðunarsvæði.* Samkvæmt framlögðum gögnum Sorpstöðvar Rangárvallasýslu er

núverandi urðunarsvæði sorpstöðvarinnar 10 ha að stærð. Af því er nýtanlegt svæði til urðunar talið 8,5 ha en urðað hefur verið í 6,5 ha af því. Árleg landnotkun hefur verið um 0,6 ha og er því gert ráð fyrir að svæðið endist til ársins 2007. Sorpstöðin sér um alla meðhöndlun, förgun og söfnun á hvers kyns úrgangi s.s. spilliefnum, eiturefnum, baggplast, hjólbjörðum og framleiðsluúrgangi frá ýmiss konar starfsemi á starfssvæðinu sem eru sveitarfélögin Ásahreppur, Rangárþing ytra og Rangárþing eystra, að Eyjafjallahreppum undanskildum. Sorpstöðin safnar að auki og flytur heimilisúrgang af starfssvæðinu að urðunarstað í umsjón Sorpstöðvar Suðurlands í Kirkjuferjuháleigu í Ölfusi. Núgildandi starfsleyfi heimilar urðun á allt að 500 tonnum af blönduðu sorpi þ.e. byggingarúrgangi, timbri, rúlluplasti og fleiru sem heimilt er að urða skv. starfsleyfi.

Árið 2003 var samsetning innvegins sorps þannig:

Sláturúrgangur	1.980 t
Byggingarúrgangur o.þ.h.	570 t
Blandaður úrgangur	330 t
Landbúnaðarúrgangur (rúlluplast)	250 t
Annar óvirkur úrgangur	900 t
<b>Samtals urðað árið 2003</b>	<b>4.030 t</b>

Árið 2003 var samsetning úrgangs sem var flokkaður og fluttur á brott þannig:

Brotajárn	630 t
Hjólbarðar	22 t
Spilli- og eiturefni	8 t
<b>Samtals flutt brott árið 2003</b>	<b>660 t</b>

Í framlögðum gögnum Sorpstöðvar Rangárvallasýslu kemur fram að niðurstöður mengunarmælinga í árslok 2003 hafi sýnt að lífræn mengunarefni umfram starfsleyfismörk hafi borist í grunnvatn. Síðari mælingar á vegum Umhverfisstofnunar hafi sýnt að um stakt tilfelli hafi verið að ræða sem rakið sé til urðunar á mjög blautum sláturúrgangi. Fram kemur að þeirri meðferð á sláturúrgangi hafi verið hætt og endurteknar mælingar frá urðunarstaðnum sýni að mengun frá honum sé komin í viðunandi horf.

*Fyrirhugað urðunarsvæði.* Fyrir liggur tillaga að nýju 17,6 ha urðunarsvæði norður af núverandi urðunarsvæði. Svæðið er fremur flatt þurrlandi, að hluta til á grónu landi en einnig er hluti þess á lítt grónum melum. Urðað verður á takmörkuðu svæði hverju sinni og því svæði lokað með jarðvegi, sáningu og trjárækt. Manir verða reistar umhverfis svæðið líkt og gert hefur verið á núverandi urðunarsvæði. Ekki liggur fyrir ákvörðun um notkun svæðisins að lokinni urðun.

Fram kemur að þrátt fyrir að mengun hafi mælst ofan marka árið 2003 sé ekki fyrirhugað að fóðra urðunarreinar fyrir sláturúrgang með þéttlagi.

Samkvæmt gögnum framkvæmdaraðila eru fimm borholur í kringum urðunarstaðinn. Ein borhola er norðan við hann og fjórar sunnan hans. Einnig eru tveir sýnatökustaðir sunnan Þjóðveggar 1.

**Samræmi við skipulagsáætlanir.** Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að tillaga að breyttu deiliskipulagi liggi fyrir. Breytingarnar feli í sér stækkun urðunarsvæðisins til norðausturs, lokun og áframhaldandi uppgræðslu þess svæðis þar sem urðun er lokið og aðlögun og tengingu athafnasvæðis s.s. húsnæðis, vegar ofl. á eldra urðunarsvæði við nýja svæðið.

## ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGD FRAMKVÆMDARAÐILA

**Almennt.** Í umsögnum Rangárþings ytra, Fornleifaverndar ríkisins og Heilbrigðiseftirlits Suðurlands kemur fram að ekki sé talið líklegt að framkvæmdin muni valda umtalsverðum umhverfisáhrifum og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

**Áhrif á vatn.** Heilbrigðiseftirlit Suðurlands bendir á að umhverfisáhrif af rekstrinum bæði á náttúrufar og annað virðist nokkuð ljós, en telur að gera þurfi skýrari grein fyrir grunnvatnsmálum Strandar svæðisins og að meta þurfi mengunarþætti vegna starfseminnar á fræðilegan hátt.

Í svörum Sorpstöðvar Rangárvallasýslu er tekið undir ofangreint með heilbrigðiseftirlitinu og talið að kanna eigi hversu mikið magn virks úrgangs sé unnt að urða á svæðinu án grunnvatnsmengunar. Áframhaldandi vöktun sé fyrirhuguð en framkvæmdaraðili muni að sjálfsögðu bregðast við hugsanlega aukinni mengun með tilheyrandi aðgerðum í samráði við hlutaðeigandi aðila. Eðlilegt væri að slíkt ákvæði væri sett í starfsleyfi stöðvarinnar.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að grunnvatnsmengun hafi mælst tímabundið árið 2003 umfram þau mörk sem tilgreind séu í starfsleyfi þegar mikið af mjög blautum sláturúrgangi hafi verið urðaður að Strönd. Lífræn mengunarefni hafi mælst mjög mikil í tveimur borholum sem séu um 100 og 150 m frá urðunarsvæði. Því sé ástæða til að vera á varðbergi, sérstaklega með það í huga hversu lítil rotnun hafi verið í þeim sláturúrgangi sem urðaður hafi verið á svæðinu til þessa. Í framtíðinni megi gera ráð fyrir fljótari rotnun í kjölfar aukinna krafna um formeðhöndlun þessa úrgangs, s.s. hökkun. Í ljósi þessa þurfi að meta hversu mikið magn af hökkuðum sláturúrgangi megi urða án þess að grunnvatn mengist, sérstaklega í ljósi þess að stefnt sé að því að koma í veg fyrir urðun á ómeðhöndluðum úrgangi í framtíðinni. Ætla megi að urðun t.d. á hökkuðum úrgangi hafi meiri umhverfisáhrif á grunnvatn en urðun á ómeðhöndluðum úrgangi þegar til skemmri tíma sé litið. Umhverfisstofnun telji að ef meta eigi umhverfisáhrif sorpurðunar að Strönd verði að taka tillit til mögulegra umhverfisáhrifa þess úrgangs sem þegar hafi verið urðaður, þar sem slíkur úrgangur geti valdið mengun áratugum eftir urðun.

Í svörum Sorpstöðvar Rangárvallasýslu kemur fram að núverandi urðun hafi staðið yfir í rúman áratug og vöktun svæðisins staðið frá árinu 2002. Niðurstaðan af þessari vöktun liggi fyrir og þar af leiðandi umhverfisáhrif urðunarinnar á tilgreindum vöktunartíma sem einnig ætti að endurspeglar hugsanleg umhverfisáhrif starfseminnar frá árinu 1993. Varðandi grunnvatnsmengun af völdum sláturúrgangs þá sé það rétt sem fram komi að mengun hafi mælst umfram viðmiðunarmörk árið 2003. Um hafi verið að ræða einangrað tilfelli á urðun blauts sláturúrgangs eins og fram komi í bréfi Umhverfisstofnunar, dags. 20. september 2004 en í bréfinu komi fram að um einstakt tilfelli hafi verið að ræða og mengun frá urðunarstaðnum sé aftur orðin viðunandi. Urðun á blautum sláturúrgangi sé ekki leyfð í dag en framkvæmdaraðili taki undir að vera þurfi á varðbergi og hugsanlega gæti aukin tíðni vöktunar í núverandi

mæliholum gert vöktun svæðisins skilvirkari. Sú vöktun ætti einnig að leiða í ljós hversu mikið magn hakkaðs sláturúrgangs megi urða á svæðinu.

**Magn úrgangs til urðunar.** Umhverfisstofnun bendir á að magn þess úrgangs sem fyrirhugað sé að meðhöndla að Strönd samkvæmt drögum að starfsleyfi sé 5.450 tonn af úrgangi árlega á tímabilinu 2009-2037. Þar af sé fyrirhugað að urða á nýju urðunarsvæði 3.700 tonn af úrgangi árlega. Hér sé um verulegt magn að ræða umfram þau viðmiðunarmörk sem tilgreind séu í 12. gr. 1. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum, en þar sé gert ráð fyrir að förgunarstöðvar úrgangs sem meðhöndli meira en 500 tonn af úrgangi á ári skuli ávallt háðar mati á umhverfisáhrifum.

Í svörum Sorpstöðvar Rangárvallasýslu kemur fram að fyrirhugað magn sé meira en gert sé ráð fyrir sé litið á matsskyldu framkvæmda skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum. Það eigi hins vegar einungis við ef um nýja framkvæmd að ræða. Hér sé ekki um að ræða nýja sorpstöð heldur yfir 10 ára gamla starfsemi sem sett hafi verið á laggirnar fyrir lagasetningu mats á umhverfisáhrifum framkvæmda. Útvíkkun starfssvæðisins er liður í núverandi starfsemi stöðvarinnar og óumdeilanlegur hluti núverandi starfsemi enda ekki hægt að hluta niður starfsemi eða framkvæmd m.t.t. matsskyldu. Ekki sé því rétt hjá Umhverfisstofnun að framkvæmdin sé skilyrðislaust matsskyld skv. lögum.

**Áhrif á menningarminjar.** Í umsögn Fornleifaverndar ríkisins kemur fram að starfsmenn stofnunarinnar hafi skoðað vettvang en engar fornleifar hafi verið sýnilegar.

## NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða breytingu á sorpurðun og meðhöndlun úrgangs á vegum Sorpstöðvar Rangárvallasýslu í landi Strandar í Rangárþingi ytra. Fyrirhuguð er breyting á starfsleyfi stöðvarinnar sem heimilar aukna móttöku á úrgangi, þ.e. úr 500 tonnum í allt að 5.450 tonn með stækkun urðunarsvæðis úr 10 ha í um 27,6 ha til norðausturs. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 13. a í 2. viðauka í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum eru förgunarstöðvar úrgangs sem meðhöndla meira en 500 tonn af úrgangi á ári skilyrðislaust matsskyldar framkvæmdir skv. 5. gr. laganna. Fyrirhuguð breyting á urðun úrgangs í landi Strandar er um áttföld að magni miðað við þau stærðarviðmið sem fram koma í 12. tölulið í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun telur að megináhrif aukinnar urðunar úrgangs á svæðinu séu vegna hættu á að mengað sigvatn einkum vegna lífrænna efna berist frá urðunarstaðnum. Reynsla af núverandi starfsemi sýnir að mengun í grunnvatni hefur farið yfir viðmiðunarmörk. Skipulagsstofnun telur í ljósi umsagnar Umhverfisstofnunar og Heilbrigðiseftirlits Suðurlands að fyrirhuguð urðun á úrgangi á svæðinu kunní að hafa veruleg neikvæð áhrif á vatnsgæði. Því telur stofnunin nauðsynlegt að meta hve mikið af lífrænum úrgangi sé unnt að urða á urðunarstaðnum og hvaða áhrif það muni hafa á mengun vatns. Ennfremur þarf að meta hvort þörf sé á sérstökum ráðstöfunum, s.s. botnþéttingu til að koma í veg fyrir mengun vatns. Ekki er ljóst hvort hætta sé á því að mengun geti borist í opin vatnsból sem notuð eru til að brynna búpeningi eða vatnsból

sem þjóna íbúðarhúsum sunnan urðunarstaðarins.

Skipulagsstofnun telur ljóst af framlögðum gögnum að forsendur starfsleyfis sorpstöðvarinnar um urðun á allt að 500 tonnum af úrgangi á ári séu löngu brostnar og að árið 2003 hafi verið urðað nálægt því magni sem starfsleyfi gerði ráð fyrir að bærist á 10 árum. Áhrif þessa eru óljós. Skipulagsstofnun telur að fyrirhuguð urðun úrgangs að Strönd kunni að hafa samlegðaráhrif með þeirri urðun úrgangs sem þegar hefur farið fram á svæðinu, m.a. á grunnvatn. Skipulagsstofnun tekur undir með Umhverfisstofnun um að nauðsynlegt sé að leggja mat á uppsöfnuð og samanlögð áhrif á grunnvatn frá virkum úrgangi sem þegar hefur verið urðaður á staðnum ásamt viðbótarurðun á úrgangi sem kann að rotna mun hraðar vegna formeðhöndlunar.

Í staðfestu Aðalskipulagi Rangárvallahrepps 2002-2014, Rangárþingi ytra er fyrirhuguð stækkun á urðunarsvæði í landi Strandar skilgreind sem landbúnaðarsvæði og er því ekki í samræmi við aðalskipulagið. Skipulagsstofnun er kunnugt um að áform hafa verið uppi um byggingu orlofshúsa í tengslum við nálægan golfvöll og telur stofnunin því að ástæða sé til að gera frekari grein fyrir því hvernig aukin meðhöndlun og urðun úrgangs í landi Strandar samræmist slíkum áformum um landnotkun.

### **Niðurstaða**

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Sorpstöðvar Rangárvallasýslu við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð Sorpstöðvar Rangárvallasýslu vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að stækkun urðunarstaðar Sorpstöðvar Rangárvallasýslu í landi Strandar í Rangárþingi ytra kunni að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því háð mati á umhverfisáhrifum. Það varðar einkum eftirfarandi viðmið í 3. viðauka laganna:

1. Eðli framkvæmdar, einkum með tilliti til:
  - i. stærðar og umfangs framkvæmdar,
  - ii. sammögnunaráhrifa með öðrum framkvæmdum,
  - v. mengunar og ónæðis.
2. Staðsetning framkvæmdar, einkum með tilliti til:
  - i. landnotkunar sem fyrir er eða er fyrirhuguð samkvæmt skipulagsáætlun,
  - ii. magns, gæða og getu til endurnýjunar náttúruauðlinda,
3. Eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar, einkum með tilliti til:
  - i. umfangs umhverfisáhrifa, þ.e. þess svæðis og fjölda fólks sem ætla má að verði fyrir áhrifum,
  - iii. þess hverjar líkur eru á áhrifum,
  - iv. tímalengdar, tíðni og óafturkræfi áhrifa.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 30. mars 2005.

Stefán Thors

Sigurður Ásbjörnsson

Afrit.

Umhverfissráðuneytið, Hönnun, Rangárþing ytra, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirlit Suðurlands og Umhverfisstofnun